

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 371/1993.

**Haraldur Jónsson og
Sigurður Már Jónsson**

gegn

Ástþóri Bjarna Sigurðssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1993. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast áfrýjendur þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann hefur fallið frá kröfu um, að mælt verði fyrir um skyldu til að birta forsendur og niðurstöðu dóms í málinu í vikublaðinu Pressunni, þar sem útgáfu blaðsins var hætt eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Félagið ÁBS Frístund hf. stóð með stefnda að sókn málsins í héraði og var stefnt með honum fyrir Hæstarétt. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 21. mars 1994, og var skiptum lokið 28. júlí sama ár, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Hefur af þessum sökum verið fallið frá aðild félagsins að málinu.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi, var bú stefnda tekið til gjaldþrotaskipta 3. febrúar 1992. Fyrir Hæstarétti kom fram, að gjaldþrotaskiptunum var lokið 17. mars 1995 og greiddust upp í forgangskröfur 427.632 krónur, 21,65 hundraðshlutar. Engin greiðsla fékkst upp í almennar kröfur, sem voru samtals að fjárhæð 86.297.997 krónur.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur stutt kröfur sínar meðal annars þeim rökum, að eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hafi stefnda verið gerð refsing með dómi Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1993, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar 14. október sama ár, fyrir að hafa brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka. Taldist stefndi hafa brotið gegn fyrrnefnda lagaákvæðinu með því að hafa ekki staðið skil til veðdeildar Landsbanka Íslands á skyldusparnaðarfé, sem hann hélt eftir af launum starfsmanna sinna á árunum 1990 og 1991, en gegn síðarnefnda ákvæðinu með útgáfu innstæðulausra tékka í nóvember 1991.

II.

Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, eru aðeins til endurskoðunar ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla í kröfuliðum 1-a og 1-c samkvæmt héraðsdómsstefnu svo og um málskostnað.

Í fyrrnefnda kröfuliðnum krefst stefndi ómerkingar á fyrisögn við blaðagrein áfrýjenda, þar sem sagði: „Gjaldþrota, en rekur fyrirtækið í nafni ólöggráða barna sinna.“ Komið hefur fram, að stefndi stofnaði félagið ÁBS hf. ásamt eiginkonu sinni í september 1991, en nafni félagsins var síðar breytt í ÁBS Frístund hf. Félagið keypti verslanir og myndbandaleigur af stefnda 1. nóvember 1991 og greiddi umsamið kaupverð, 9.208.567 krónur, með því að taka að sér skuldir sömu fjárhæðar, sem hvíldu á stefnda. Íslandsbanki hf. leitaði í desember 1991 kyrrsetningar í eignum stefnda, en þeirri gerð lauk án árangurs í janúar 1992. Um líkt leyti mun stefndi hafa afsalað til tveggja ófjárráða barna sinna helmingi hlutabréfa í fyrrnefndu félagi, að nafnverði 200.000 krónur, og börnin þá tekið sæti í stjórn félagsins, andstætt ákvæði 1. mgr. 50. gr. þágildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978, ásamt eiginkonu stefnda. Mun stefndi hafa verið eftir þetta sem áður framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi. Bú hans var, sem áður segir, tekið til gjaldþrotaskipta í byrjun febrúar 1992.

Þegar þau atvik eru virt, sem að framan greinir, verður að telja ljóst, að stefndi stjórnaði rekstri umrædds félags, sem hann afsalaði verulegum eignarhluta í til ófjárráða barna sinna, skömmu áður en

bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Í þessu ljósi verður að telja fyrirsögnina við blaðagrein áfrýjenda efnislega rétta, ef frá er talið, að í orðavali hefur ekki gætt fullrar nákvæmni, þegar hermt er, að stefndi hefði með höndum rekstur félagsins „í nafni“ ólögráða barna sinna. Þessi ónákvæmni er þó ekki slík, að efni séu til að ómerkja ummælin vegna hennar, enda veldur hún því ekki, að ummælin verði talin óviðurkvæmileg. Verða áfrýjendur því þegar af þessum sökum sýknaðir af ómerkingarkröfu stefnda um þetta atriði.

Í síðarnefnda kröfuliðnum krefst stefndi ómerkingar á eftirfarandi ummælum í meginmáli blaðagreinar áfrýjenda: „Þá hefur komið í ljós að bókhald var í molum.“ Í tengslum við þessa kröfu hefur stefndi lagt fram yfirlýsingu Sævars Reynissonar viðskiptafræðings, dagsetta 21. maí 1992, þar sem hann staðfestir, að hann hafi síðan 1985 annast tölvuvinnslu bókhalds stefnda og gerð ársreikninga og skattframtala. Kemur fram í yfirlýsingunni, að bókhaldsgögn hafi verið afhent reglulega til vinnslu og að bókhaldið hafi verið í góðu lagi á þessu tímabili. Í málinu hefur ekkert komið fram til að hnekkja réttmæti þessarar yfirlýsingar, sem Sævar Reynisson staðfesti fyrir héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það með stefnda, að umrædd ummæli í blaðagrein áfrýjenda hafi verið röng og óviðurkvæmileg. Getur engu breytt í því sambandi, þótt fjármál stefnda kunni í öðrum atriðum að hafa verið í ólestri, svo sem áfrýjendur hafa haldið fram. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar ómerkingu þessara ummæla.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að hver aðilanna beri sinn kostnað af því í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli í lið 1-c í kröfugerð stefnda, Ástþórs Bjarna Sigurðssonar, skulu vera ómerk.

Áfrýjendur, Haraldur Jónsson og Sigurður Már Jónsson, skulu vera sýknir af öðrum kröfum stefnda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ástþóri Bjarna Sigurðssyni, kt. 200656-2969, Garðbraut 58, Garði, og Margréti B. Haraldsdóttur, kt. 060457-4849, Garðbraut 58, Garði, f. h. ÁBS Frístund h/f, kt. 421291-1019, sama stað, gegn Haraldi Jónssyni blaðamanni, kt. 020665-4919, Lækjarkinn 30, Hafnarfirði, og Sigurði Má Jónssyni, kt. 091060-2729, Álfheimum 46, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 21. maí 1992.

Dómkröfur stefnenda á hendur þeim Haraldi Jónssyni og Sigurði Má Jónssyni eru þessar:

1. Að eftirfarandi undirstrikuð ummæli, sem birtust í vikublaðinu Pressunni, 14. tölublaði 5. árgangs, sem út kom fimmtudaginn 9. apríl 1992, verði dæmd dauð og ómerk:
 - a. Gjaldþrota, en rekur fyrirtækið í nafni ólögráða barna sinna. Ummæli þessi eru í fyrirsögn á bls. 9 í blaðinu.
 - b. Rétt fyrir gjaldþrotið þinglýsti Ástþór leigusamningum vegna fyrirtækjanna og seldi eigur sínar börnum sínum, sem eru 12 og 15 ára. Ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 9.
 - c. Til skamms tíma rak hann einnig verðslanir og verkstæði með sömu nöfnum í Reykjavík, en hefur nú selt þær. Þrotabú hans og Frístundar verður rekið samhliða, enda ljóst að persónulegur rekstur hans hefur blandast mjög inn í fyrirtækjareksturinn. Þá hefur komið í ljós að bókhald var í molum. Ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
 - d. Ástþór var síðan úrskurðaður gjaldþrota 3. febrúar og eftir því sem komist verður næst eru engar eignir til í búinu. Ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
 - e. Eignaleyfi búins stafar af því að skömmu fyrir gjaldþrotið seldi Ástþór allar eigur sínar hlutafélagi, sem hann stofnaði ásamt eiginkonu sinni Margréti B. Haraldsdóttur. Ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
 - f. Þá útbjó Ástþór leigusamninga við ÁBS Frístund skömmu fyrir gjaldþrotið um leigu á rekstri eigna Frístundar. Ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.
2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum Ástþóri B. Sigurðssyni og ÁBS Frístund h/f 250.000 kr., hvorum um sig, í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1992 til greiðsludags og að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. apríl 1993 og síðan árlega þann dag.
3. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnandanum ÁBS

Frístund h/f skaðabætur vegna fjártjóns, að fjárhæð 1.000.000 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1992 til greiðsludags og að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. apríl 1993 og síðan árlega þann dag.

4. Að stefndu verði dæmdir til þyngstu refsinga, sem lög leyfa.
5. Að dæmt verði, að skylt sé að birta í fyrsta tölublaði vikublaðsins Pressunnar, sem út kemur eftir uppsögu dóms í málinu, forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu á áberandi stað í blaðinu.
6. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 150.000 kr. til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms í máli þessu í þremur dagblöðum.
7. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms í málinu. Virðisaukaskatts er krafist á málskostnað til handa stefnanda Ástþóri.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að viðbættum virðisaukaskatti.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Stefnandinn ÁBS Frístund h/f rekur myndbandaleigur og verslun í Keflavík, Garði og Njarðvík. Formaður stjórnar félagsins er Margrét B. Haraldsdóttir, og höfðar hún mál þetta fyrir hönd félagsins. Stefnandinn Ástþór Bjarni Sigurðsson var hluthafi, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins. Málið er höfðað af báðum aðilum, sbr. 1. mgr. 47. gr. eml. nr. 85/1936.

Hinn 9. apríl 1992 birtist í 14. tölublaði 5. árgangs vikublaðsins Pressunnar grein á bls. 9 í blaðinu, þar sem fjallað er um gjaldþrot stefnandans Ástþórs Bjarna Sigurðssonar og fyrirtækjarekstur hans. Nafngreindir höfundar greinarinnar eru stefndu, Haraldur Jónsson og Sigurður Már Jónsson. Málið er höfðað vegna meintra ærumeiðandi ummæla og aðdróttana í garð stefnenda, sem birtust í grein þessari í framangreindu tölublaði Pressunnar. Gera stefnendur kröfur um ómerkingu ummæla, refsingu, fébætur o. fl. Stefndu hafna öllum kröfum stefnenda í málinu og halda því fram, að allt það, sem fram komi í greindri blaðgrein, sé rétt.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, er tilefni málshöfðunar þessarar umfjöllun um stefnendur í grein í 14. tbl. 5. árgangs vikublaðsins Pressunnar, sem út kom 9. apríl 1992. Stefnu eru nafngreindir sem höfundar greinarinnar, og er því málsókninni réttilega að þeim beint samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Stefnandi Ástþór B. Sigurðsson var úrskurðaður gjaldþrota 3. febrúar 1992. Hin umstefnu ummæli er öll að finna í sömu grein á bls. 9 í greindu blaði.

Samkvæmt kröfulið 1 er krafist ómerkingar á eftirgreindum ummælum í staflíðum a–f, sem undirstrikuð eru:

a. „Gjaldþrota, en rekur fyrirtækið í nafni ólögráða barna sinna.“

Fyrir liggur samkvæmt afsali, dags. 1. nóvember 1991, að stefnandi Ástþór Bjarni Sigurðsson seldi ÁBS h/f verslanir og myndbandaleigur sínar í Keflavík og Njarðvík. Söluverð var 9.208.567 kr., sem greiða skyldi að öllu leyti með yfirtöku tilgreindra skulda. Stefnandi Ástþór var sjálfur stofnandi félagsins ÁBS h/f, og var hann í stjórn þess ásamt eiginkonu sinni, Margréti B. Haraldsdóttur, jafnframt því sem hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Þá liggur fyrir, að auk breytingar á nafni félagsins í ÁBS Frístund h/f 11. janúar 1992 var stjórn félagsins breytt þannig, að þar tóku sæti í stað Ástþórs tvö börn hans, sem bæði voru ólögráða. Sú tilhögun var andstæð 1. mgr. 50. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Ætla verður, að þrátt fyrir þessa breytingu á stjórn félagsins hafi stefnandi Ástþór, eins og á stóð, í raun getað ráðið miklu um rekstur félagsins, enda um fjölskyldufyrirtæki að ræða, þar sem stjórn félagsins var skipuð eiginkonu hans og tveimur ólögráða börnum þeirra. Að þessu virtu þykja hin umstefnu ummæli eiga sér nokkra stoð, en þau eru hins vegar ekki alls kostar rétt, þar sem hlutafélagið er sjálfstæður lögaðili, sem ekki er rekið í nafni þeirra einstaklinga, sem því stjórna. Þá ber að líta til þess, að ummælin eru að auki sett fram með þeim hætti í flennifyrirsögn, að óviðurkvæmilegt er. Með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 ber að ómerkja ummæli þessi, en ekki þykja þau eiga að varða stefnu refsingu.

b. „Rétt fyrir gjaldþrotið þinglýsti Ástþór leigusamningum vegna fyrirtækjanna og seldi eigur sínar börnum sínum, sem eru 12 og 15 ára.“

Fyrir liggur, að stefnandi Ástþór seldi börnum sínum hlutabréf sín í ÁBS Frístund h/f, sem voru helmingur hlutafjáreignar í félaginu. Ummæli þessi eru að því leyti misvísandi, að ekki liggur fyrir, að um aðrar eignir en greind hlutabréf hafi verið að ræða. Ummæli þessi og framsetning þeirra þykir þó ekki vera með þeim hætti, að ómerkingu eða refsingu varði.

c. „Til skamms tíma rak hann einnig verslanir og verkstæði með sömu nöfnum í Reykjavík, en hefur nú selt þær. Protabúi hans og Frístundar verður rekið samhliða, enda ljóst að persónulegur rekstur hans hefur blandast mjög inn í fyrirtækjareksturinn. Þá hefur komið í ljós að bókhald var í molum.“

Framangreind ummæli eru rétt að því leyti til, að stefnandi átti um tíma fyrirtækið Frístund Kringluna og mun einnig hafa átt aðild að Frístund raf-eindafyrirtæki sf. og Frístund verkstæði h/f. Framangreind fullyrðing um, að persónulegur rekstur hafi blandast mjög inn í fyrirtækjareksturinn, verður ekki talin ærumeiðandi, eins og stefnendur halda fram. Ummæli þessi sæta því hvorki ómerkingu né refsingu. Sú fullyrðing, að bókhald hafi verið í molum, á ekki við rök að styðjast. Fyrir liggur, að bókhald hefur verið fært á vegum bókhaldsfyrirtækis í Keflavík, og ekkert hefur komið fram, sem bendir til, að bókhald hafi ekki verið í lagi. Ber því að ómerkja þessi ummæli með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, en ekki þykja efni vera til að refsa fyrir þau.

d. „Ástþór hafi síðan verið úrskurðaður gjaldþrota 3. febrúar og eftir því sem komist verði næst eru engar eignir í búinu.“

e. „Eignaleysi búsins stafar af því að skömmu fyrir gjaldþrotið seldi Ástþór allar eigur sínar hlutafélagi, sem hann stofnaði ásamt eiginkonu sinni Margréti B. Haraldsdóttur.“

f. „Þá útbjó Ástþór leigusamninga við ÁBS Frístund skömmu fyrir gjaldþrotið um leigu á rekstri eigna Frístundar.“

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla bústjóra í protabúi stefnanda Ástþórs B. Sigurðssonar, dags. 18. maí 1992. Þar kemur fram, að þrotamaður hefur stofnað til skulda langt umfram eignir. Í skýrslu þessari segir svo um aðstæður við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar:

„Við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar lá fyrir, að þrotamaður hafði selt allan rekstur, sem hann var með á sínum snærum. Rekstur þessi samanstóð af þremur myndbandaleigum í Keflavík og Njarðvík. Myndbandaleigur þessar voru seldar 1. 11. 1992 hlutafélaginu Á.B.S. h/f fyrir rúmar níu milljónir. Stofnendur þessa félags voru eiginkona þrotamanns, hann sjálfur og börn þeirra. Kaupverð var greitt með yfirtöku ýmissa krafna á hendur þrotamanni. Komið hefur í ljós við könnun bústjóra, að félagið hefur ekki greitt til kröfuhafa í samræmi við samning þann, sem gerður var við kaupin á verslunarrekstri þrotamanns. Hafa sumir, en ekki allir þessara kröfuhafa lýst kröfu í protabúið. Protamaður átti þrjár fasteignir. Þær eru: Hólmgarður 2 C, Keflavík, Holtsgata 26, Njarðvík, og Garðbraut 58, Garði. Tvær fyrstnefndu eignirnar leigði þrotamaður Á.B.S. h/f til fimm ára skömmu

fyrir gjaldþrotið. Þá hafði þrotamaður einnig selt í ágúst 1991 rekstur sinn í Kringlunni í Reykjavík. Tekið skal fram, að fasteignir þrotamanns voru veðsettar að verulegu leyti.“

Í skýrslu þessari kemur einnig fram, þar sem fjallað er almennt um eignir og skuldir búsins, að lýstar kröfur í þrotabúið hafi numið samtals 89.963.758 kr. Af því séu kröfur utan skuldaraðar 1.181.866 kr., en forgangskröfur 2.483.895 kr. Þá kemur einnig fram, að fasteignin Garðbraut 58, Garði, hafi verið seld á nauðungaruppbóði 18. 3. 1992. Kaupandi hafi verið Íslandsbanki h/f, en fasteignin hafi verið veðsett bankanum að verulegu leyti. Fasteignin Hólmgarður 2 C í Keflavík hafi verið lögð út til Íslandsbanka h/f fyrir 8.500.000 kr. og einnig fasteignin að Holtsgötu 26, Njarðvík, fyrir 4.000.000 kr. Tekið er fram, að áður en sala eignanna fór fram, hafi legið fyrir skriflegt mat sérskipaðra matsmanna á verðmæti þeirra, og samkvæmt því verðmæti séu eignirnar metnar á sama verði og þær hafi verið seldar á. Í niðurlagi þessarar skýrslu segir, að næsta víst sé, að lítið sem ekkert fáiist upp í almennar kröfur í búið.

Pegar framangreind ummæli í staflíðum d, e og f eru virt í ljósi framangreindrar skýrslu bústjóra þrotabúsins og annars þess, sem upplýst er í málinu um þau atriði, verður ekki talið, að þau ummæli séu þess eðlis eða sett fram með þeim hætti, að þau varði ómerkingu eða refsingu.

Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja framangreind ummæli í staflíðum a og c, en kröfu stefnenda um refsingu á grundvelli 235. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 er hafnað.

Með því að refsikröfu er hafnað samkvæmt framansögðu, brestur laga-skilyrði til þess að dæma stefndu til að greiða stefndum miskabætur á grundvelli 264 gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Af sömu ástæðu eru ekki skilyrði til þess að taka til greina kröfu stefnenda um greiðslu kostnaðar vegna birtingar á forsendum og niðurstöðu dóms samkvæmt 2. mgr. 241 gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ber að hafna þessum kröfuliðum stefnenda.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu um ómerkingu ummæla, refsí- og miskabótakröfum þykja ekki vera efni til að taka til greina kröfu stefnandans ÁBS Frístundar h/f um skaðabætur, auk þess sem sú krafa er ekki heldur nægilega rökstudd, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Ber því að hafna þeirri kröfu.

Með vísan til 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt ber að taka til greina þá kröfu stefnenda, að birta skuli forsendur og niðurstöður dóms í máli þessu á áberandi stað í fyrsta tölublaði vikublaðsins Pressunnar, sem út kemur eftir birtingu dómsins. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu, Haraldur

Jónsson og Sigurður Már Jónsson, greiði stefnanda Ástþóri Bjarna Sigurðssyni óskipt 90.000 kr. í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Að öðru leyti er málskostnaður felldur niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli í stafliðum a og c skulu vera ómerk.

Refsi- og fébótakröfum stefnenda svo og kröfu um greiðslu kostnaðar vegna birtingar á forsendum og niðurstöðu dóms er hafnað.

Birta skal forsendur og niðurstöðu dóms þessa á áberandi stað í fyrsta tölublaði vikublaðsins Pressunnar, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndu, Haraldur Jónsson og Sigurður Már Jónsson, greiði stefnanda Ástþóri Bjarna Sigurðssyni óskipt 90.000 kr. í málskostnað.

Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.
